

Ed.

3. Frumvarp til laga

[3. mál]

um breyting á lögum nr. 48 16. maí 1974 um happdrættislán ríkissjóðs til að fullgera Djúpvveg og opna þannig hringveg um Vestfirði.

(Lagt fyrir Alþingi á 95. löggjafarþingi 1974.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður gefur út til sölu innanlands happdrættisskuldabréf samtals að fjárhæð 80 milljónir króna. Happdrættisskuldabréfin skulu gefin út í allt að 3 flokkum á árunum 1974 og 1975 og ákveður fjármálaráðuneytið lánsfjárhæð hvers bréfa-flokks.

2. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðuneytið ákveður tölu vinninga, fjárhæð þeirra hvers um sig og útdráttardag, en draga ber um þá einu sinni á ári.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 48 16. maí 1974 skyldi ríkissjóður gefa út til sölu innanlands happdrættisskuldabréf samtals að fjárhæð 80 milljónir króna. Skyldu bréfin gefin út fyrir 15. maí 1974. Með þessari grein er lagt til, að gerðar verði breytingar á útgáfutíma bréfanna. Lög nr. 48/1974 voru ekki staðfest fyrir en 16. maí og ekki birt fyrir en 5. júní. Var því ókleift að gefa bréfin út fyrir 15. maí eins og löginn mæla fyrir um. Hér er lagt til, að heimilað verði að skipta bréfunum í allt að þrjá flokka og gefa þau út á lengra tímabili, ef í ljós kæmi, að auðveldara reyndist að selja bréfin á þann hátt en verið hefði, ef þau væru gefin út í einu lagi.

Um 2. gr.

Hér er lagt til, að fjármálaráðuneytið ákveði árlega fjárhæð vinninga í stað þess að binda þá við 7% af heildarfjárhæð skuldabréfanna. Er þessi breyting gerð til þess að unnt sé að hafa lánskjör bréfanna og vinningsmöguleika sambærileg við lánskjör og vinningsmöguleika happdrættisskuldabréfa vegna framkvæmda á Skeiðarársandi.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.